

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 29.11.2020

## Fundur 9-2020

---

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar sunnudaginn 29. nóvember 2020 kl. 13:00 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

1. Virkja heimild til fjarfunda sveitarstjórnar
2. Fjárhagsáætlun 2021 og 2022-2024- fyrri umræða
3. Kjörbréfsútgáfa vegna Landsþings SÍS 18. desember n.k.
4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2020
5. Skipulags- og byggingarmál
  - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar
  - Umsögn um stofnun lögbýlis
  - Bréf frá Skipulagsstofnun
6. Ýmis bréf
  - Umsögn um aðalskipulag við Stekkjarvík
  - umsögn um samþykktir fyrir Norðurá bs.
7. Styrkbeiðnir
  - Markviss
  - Stígamót
  - Farskólinn
8. Vetrarveiði á ref
9. Framkvæmdir
  - Kálfshamarsvík
  - Kjalarlandsrétt
  - Ljósleiðari í Þverá
  - Fossárrétt/brú
10. Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga
  - Fundargerð 1. fundar
  - Fundargerð 2. fundar
  - Tilnefningar í starfshópa
11. Önnur mál

### **Afgreiðsla:**

#### **1. Virkja heimild til fjarfunda sveitarstjórnar til 10. mars 2021**

Á fundi sveitarstjórnar 4. apríl 2020 var heimild til að nýta fjarfundabúnað hjá sveitarstjórn Skagabyggðar virkjuð. Sú heimild gildi til 18. júlí sl. Sveitarstjórn ákveður að virkja aftur þessa heimild og gildir hún til 10. mars 2021.

#### **2. Fjárhagsáætlun 2021 og 2022-2024- fyrri umræða**

Lagðar eru fram fjárhagsáætlanir fyrir árin 2021-2024. Sveitarstjórn ræddi þær og vísar þeim til seinni umræðu.

#### **3. Kjörbréfsútgáfa vegna Landsþings SÍS 18. desember n.k.**

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 29.11.2020

## Fundur 9-2020

Samkvæmt fundargerð sveitarstjórnar frá 8. júní 2019 var Dagný Rósa Úlfardóttir kjörinn aðalmaður á landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga og Magnús Jóhann Björnsson varamaður og hefur verið breytt síðan þá. Á landsþing 2019 áttu hvorugt heimangengt og kaus sveitarstjórn Erlu Jónsdóttur sem fulltrúa á auka landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga og Lindu Björk Ævarsdóttur sem varamann. Sveitarstjórn afturkallar nú kjörbréf Erlu og Lindu og kys Dagnýju sem aðalmann á landsþing og Magnús sem varamann. Dagný fer með umboð og atkvæðisrétt sveitarfélagsins á þinginu.

Oddvita falið að gefa út kjörbréf og skila inn til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

#### 4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2020

Fyrir fundinum lá viðauki við fjárhagsáætlun 2020. Hann snýr að viðauka vegna rekstrar: snjómokstur 1.000.000 kr. vegna gríðarlegs kostnaðarauka s.l. vetur. Vegna fjárfestinga: 1.000.000 kr. vegna framkvæmda við Kjaralandsrétt, 2.000.000 kr. vegna framkvæmda við Fossarrétt.

Viðaukum þessum verður mætt með lækkun á handbæru fé.

		Viðauki vegna rekstrar 2020		
Bókhaldsliður	Málaflokkur	Skýring	Upphæð	Áður til umfjöllunar
		Snjómokstur	1.000.000	
		<b>Viðauki vegna fjárfestinga 2020</b>		
Bókhaldsliður	Málaflokkur	Skýring	Upphæð	Áður til umfjöllunar
	Atvinnumál	Framkvæmdir við Kjaralandsrétt	1.000.000	30.10.20
	Atvinnumál	Framkvæmdir við Fossarrétt	2.000.000	30.10.20 og 10.05.20
Viðauki þessi við fjárhagsáætlun 2020 er stillt upp í samræmi við reglugerð nr. 1212 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Tillaga um viðauka er vegna ofangreindra mála.				
Viðaukum þessum verður mætt með lækkun á handbæru fé				

#### 5. Skipulags- og byggingarmál

-Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar.

Liður tvö- Bakki stofnun lóðar. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti stofnun lóðar á Bakka umhverfir íbúarhús. Lóðin en 5,5 ha að stærð. Nefndin samþykkti stofnun lóðarinnar og sveitarstjórn Skagabyggðar staðfestir

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 29.11.2020

## Fundur 9-2020

---

ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar og oddvita falið að ganga frá málinu með byggingar- og skipulagsfulltrúa.

Fundargerð lögð fram til kynningar og staðfest

### *-Umsögn um stofnun lögbýlis*

Fyrir fundinum lá umsókn frá Karólínu Elísabetardóttur um umsögn varðandi stofnun lögbýlis í Hvammshlíð. Landnúmer 145460.

Sveitarstjórn veitir eftirfarandi umsögn:

*Á jörðinni Hvammshlíð í Skagabyggð er 26 fermetra sumarbústaður og ekki leyfi fyrir öðrum byggingum. Hvammshlíð hefur verið í eyði frá 1886 en frá 2015 hefur Karólína Elísabetardóttir haft þar aðsetur. Jörðin er á skipulögðu landbúnaðarsvæði. Sveitarstjórn Skagabyggðar gefur jákvæða umsögn um stofnun lögbýlis í Hvammshlíð.*

Oddvita falið að senda umsækjanda og byggingarfulltrúa umsögnina.

### *-Bréf frá Skipulagsstofnun*

Bréfið varðar breytingu á aðalskipulagi vegna efnistökusvæða í landi Syðra-Hóls og Höskuldsstaða. Í október 2019 samþykkti sveitarstjórn að aðalskipulagsbreytingin væri óveruleg og hún auglýst þannig.

Skipulagsstofnun gerir athugasemdir við þessa afgreiðslu. Hún telur að um sé að ræða stefnumörkun um efnistöku sem tengist matsskyldum framkvæmdum sem háð eru mati vegna þess að þær eru líklegar til að hafa neikvæð áhrif á umhverfið. Farið er fram á að breytingin sé aulýst á ný með þessum breytingartillögum og lagt til að samnýta gögn vegagerðarinnar.

Oddvita falið að ganga frá málinu í samstarfi við skipulags- og byggingarfulltrúa.

## **6. Ýmis bréf**

### *-Umsögn um aðalskipulag við Stekkjarvík*

Fyrir fundinum lágu gögn frá Blönduósbæ er varða breytingar á aðalskipulagi við Stekkjarvík. Sveitarfélagið gerir engar athugasemdir við aðalskipulagsbreytingarnar.

### *-umsögn um samþykktir fyrir Norðurá bs.*

Fyrir fundinum lá bréf og samþykktir frá stjórn Norðurá bs er varða breytingar á samþykktum Norðurá bs. Sveitarstjórn fór yfir samþykktirnar og vísaði þeim til annarar umræðu.

## **7. Styrkbeiðnir**

### *-Markviss*

Fyrir fundinum lá beiðni frá Markviss varðandi fjárhagsstuðning. Sveitarstjórn sér sér ekki fært að styrkja félagið að svo stöddu.

### *-Stígamót*

Fyrir fundinum lá beiðni frá Stígamótum varðandi fjárhagsstuðning. Sveitarstjórn sér sér ekki fært að styrkja samtökin að svo stöddu.

### *-Farskólinn*

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 29.11.2020

## Fundur 9-2020

---

Fyrir fundinum lá beiðni frá Farskólanum varðandi fjárhagsstuðning. Sveitarstjórn ákveður að styrkja Farskólann samkvæmt fyrirbyggjandi beiðni.

### 8. Vetrarveiði á ref

Fyrir fundinum lá beiðni frá Vigni Björnssyni um að stunda vetrarveiði á ref. Sveitarstjórn veitir leyfi fyrir því.

### 9. Framkvæmdir

-Kálfshamarsvík

Nýju salernishúsi hefur verið komið fyrir í Kálfshamarsvík og búið að tengja það vatnslögnum. Unnið er að vega og bílastæðaframkvæmdum.

-Kjalarlandsrétt

Vatn hefur verið plægt að réttinni og salernishúsi verður komið fyrir fljótlega.

-Ljósleiðari í Þverá

Til stendur að gera kostnaðaráætlun á ljósleiðaralagningu frá sendi í Njálstaðalandi upp að Þverá. Einnig að sækja um styrk til Ísland ljóstengt vegna fyrirhugaðra framkvæmda 2021.

-Fossárrétt/brú

Búið er að kaupa efni í brú og verður hún smíðuð í vetur. Reiknað er með uppsetningu fyrir haustið 2021.

### 10. Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga

-Fundargerð 1. og 2. fundar

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

-Tilnefningar í starfshópa

Skagabyggð tilnefnir eftirfarandi í starfshópa sem vinna með samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu:

Stjórnskipulag og fjármál: Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Kristján Steinar Kristjánsson

Fræðslu- og félagsþjónusta: Kolbrún Ágústa Guðnadóttir og Andrea Rún Andrésdóttir.

Menning, frístundir og lýðheilsa: Magnús Guðmannsson og Bjarney R. Jónsdóttir

Umhverfis- skipulags- og byggingarmál: Magnúr Björnsson og Linda Björk Ævarsdóttir.

### 11. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundi slitið kl.17:17.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 29.11.2020  
Fundur 9-2020

---

---

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Karen Helga R Steinsdóttir

---

Magnús Guðmannsson

---

Kristján Steinar Kristjánsson